



21. fundur stjórnarnefndar Þjóðskjalasafns Íslands haldinn fimmtudaginn 14. mars 2024 kl. 12 í húsakynnum safnsins að Laugavegi 162 í Reykjavík.

Fundinn sátu Anna Agnarsdóttir formaður, Erla Hulda Halldórsdóttir, Gunnar Örn Hannesson, Óskar J. Sandholt, Jóna Símonía Bjarnadóttir og Ragna Kemp Haraldsdóttir. Enn fremur sátu fundinn Hrefna Róbertsdóttir þjóðskjalavörður, Þuríður Árnadóttir framkvæmdastjóri rekstrar og Njörður Sigurðsson aðstoðarþjóðskjalavörður sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Yfirlit yfir starfsemi – frá þjóðskjalaverði
2. Tölfræði úr starfsemi Þjóðskjalasafns
3. Fjármál
4. Innra starf – könnun Sameykis 2023
5. Lagabreytingar fyrir Alþingi
6. Tilfærsla verkefna og safnkosts Borgarskjalasafns og Héraðsskjalasafns Kópavogs – staða verkefna

Anna Agnarsdóttir formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Bauð hún Rögnu Kemp Haraldsdóttur velkomna á sinn fyrsta fund. Formaður lagði til breytingu á dagskrá og að við bætist dagskrárlíður 2. „Athugasemd við fundargerð stjórnarnefndar Þjóðskjalasafns, dags. 25. október 2023“ og uppfærist aðrir töluliðir í framhaldinu. Samþykkt samhljóða.

Síðan var gengið til dagskrár.

1. Yfirlit yfir starfsemi – frá þjóðskjalaverði.

Þjóðskjalavörður fór yfir starfsemi og helstu verkefni Þjóðskjalasafns á undanförnum mánuðum. Fór hún yfir helstu áhersluverkefni safnsins, s.s. um stöðu húsnaðisgreiningar fyrir safnið á vegum FSRE, vinnu við innleiðingu á nýju skjalaskráningarkerfi, stöðu í þjóðlendurannsóknnum, yfirsíðslu á vef Þjóðskjalasafns á Ísland.is, verkefni í stafrænni endurgerð, áframhaldandi samstarf við Family Search og varðveislu einkaskjalasafna. Einnig sagði hún frá starfi nefndar um framtíðarskipulag opinberra skjalasafna sem menningar- og viðskiptaráðherra skipaði á síðasta ári. Þá fór þjóðskjalavörður yfir ávirðingar á störf Þjóðskjalasafns sem sendar voru ráðherra frá héraðsskjalaverði Kópavogs.

Til máls töku Hrefna Róbertsdóttir, Erla Hulda Halldórsdóttir, Njörður Sigurðsson, Ragna Kemp Haraldsdóttir, Óskar J. Sandholt, Anna Agnarsdóttir og Jóna Símonía Bjarnadóttir.

2. Athugasemd við fundargerð stjórnarnefndar Þjóðskjalasafns, dags. 25. október 2023.

Stjórnarnefndarformaður upplýsti nefndarmenn um að í umsögn Hrafns Sveinbjarnarsonar héraðsskjalavarðar Kópavogs varðandi „Tillögu að aðgerðaráætlun um tilfærslu verkefna og safnkosts Héraðsskjalasafns Kópavogs til Þjóðskjalasafns Íslands“, dagsett 9. janúar 2024, gerir



hann m.a. athugasemd við bókun í fundargerð stjórnarnefndar safnsins, dagsett 25. október 2023, þar sem segir:

„Í framhaldi vakti formaður máls á þeirri umræðu sem hefur skapast meðal fræðimanna um skjalasöfn landsins. Niðurlagning Borgarskjalasafns og Héraðsskjalasafns Kópavogs hefur vakið hörð viðbrögð og beinst að hluta til gegn Þjóðskjalasafni Íslands. Samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn hafa sveitarfélög sjálfsákvörðunarrétt um á hvern hátt þau kjósa að haga langtímovörslu skjala og ber Þjóðskjalasafni að taka við gögnum sveitarfélaga sem ekki reka héraðsskjalasöfn. Stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns ræddi málið ýtarlega og um leið og hún áréttar mikilvægi héraðsskjalasafna í landinu, vill hún leggja áherslu á að hún beri fullt traust til Þjóðskjalasafns Íslands, stjórnenda safnsins og þeirrar faglegu vinnu sem nú stendur yfir og sem lýst er að ofan.“

Héraðsskjalavörður telur vinnubrögðin ófagleg. Málið var rætt.

Til máls tóku Anna Agnarsdóttir, Gunnar Örn Hannesson, Erla Hulda Halldórsdóttir, Ragna Kemp Haraldsdóttir, Óskar J. Sandholt og Jóna Símonía Bjarnadóttir.

3. Tölfræði úr starfsemi Þjóðskjalasafns.

Njörður Sigurðsson, aðstoðarþjóðskjalavörður, fór yfir ýmsa tölfræði úr starfsemi Þjóðskjalasafns á síðasta ári. Í máli hans kom fram að árið 2023 hefðu verið afhentir 2.253 hillumetrar af pappírskjölum og 182 gígabæt af rafrænum gögnum. Safnkostur Þjóðskjalasafns var 31. desember 2023 48.972 hillumetrar af pappírskjölum og 4.775 gígabæt af rafrænum gögnum. Færslur í innri skjalaskrá safnsins eru nú yfir 1,5 milljón talsins og í ytri skjalaskrá 1,4 milljón talsins. Samtals voru 95.687 myndir/skjöl skönnuð á síðasta ári og nú eru birtar yfir 1 milljón mynda á vefjum safnsins. Alls voru 1.483 gestir á lestrarsal safnsins, útlán 4.067 skjalaöskjur og svarað var 1.641 skriflegri fyrirspurn í safnkostinn. Haldin voru 12 námskeið um skjalavörsu og skjalastjórn á árinu 2023 og voru 1.034 þáttakendur skráðir á þau námskeið. Svarað var tæplega 400 skriflegum fyrirspurnum frá afhendingarskyldum aðilum um skjalavörsu og skjalastjórn. Þá var unnið að gagnaöflun í þjóðlendumálum á svæði 11 – Austfirðir fyrir óbyggðanefnd árin 2022-2023 og 194 jarðir/svæði skoðuð, þar af 80 kröfujarðir/kröfusvæði, alls 2.052 skjöl sem voru mynduð eða skrifuð upp.

Til máls tóku Njörður Sigurðsson, Erla Hulda Halldórsdóttir, Hrefna Róbertsdóttir og Anna Agnarsdóttir.

4. Fjármál.

Þuríður Árnadóttir, framkvæmdastjóri rekstrar, gerði grein fyrir bráðabirgðatölum um rekstur Þjóðskjalasafns árið 2023 en ársreikningur liggar ekki enn fyrir. Áætlaður rekstrarafgangur virðist um 78 m.kr. en hann má skýra af 80 m.kr. fjárveitingu í fjáraukalögum sem samþykkt var í lok ársins 2023. Umræddar 80 m.kr. eru ætlaðar í fjárfestingu safnsins vegna innviðaverkefnisins en skiluðu sér ekki á þann lið í fjáraukalögunum 2023 eins og til stóð. Áætlað er að afgangurinn færast yfir á nýtt ár og verði fluttur á fjárfestingarlið með fjáraukalögum 2024. Í raun má segja að



þessi fjárhæð „gymist“ á rekstrarlið þar til í lok yfirstandandi árs. Raunáætlun er því 2 m.kr. halli vegna ársins 2023. Rekstrargjöld safnsins árið 2023 voru alls um 950 m.kr., þar af launakostnaður um 493 m.kr. (52% af rekstrargjöldum), húsnaðiskostnaður um 275 m.kr. (29% af rekstrargjöldum) og annar rekstrarkostnaður um 182 m.kr. (19% af rekstrargjöldum).

Árið 2024 er heildarfjárveiting samkvæmt fjárlögum 802,4 m.kr. Framlag til héraðsskjalasafna, sem Þjóðskjalasafn útdeilir, 31,5 m.kr. er ekki inni í fjárveitingum. Áætlað að rekstrarafgangur ársins 2023 verði fluttur milli ára sbr. það sem fram kemur um fjármál 2023.

Til máls tók Þuríður Árnadóttir.

5. Innra starf – könnun Sameykis 2023.

Þuríður Árnadóttir, framkvæmdastjóri rekstrar, fór yfir niðurstöður á könnun Sameykis á stofnun ársins 2023. Þjóðskjalasafn hækkaði um 20 sæti í könnuninni á milli ára og lenti í 26. sæti í stofnunum þar sem starfa 40-89 starfsmenn. Allir flokkar sem kannaðir voru koma betur út en á síðastliðnu ári, nema vinnuskilyrði sem voru metin lægra en á síðasta ári sem og mat á stöðu jafnréttis.

Til máls tóku Þuríður Árnadóttir, Jóna Símonía Bjarnadóttir, Gunnar Örn Hannesson.

6. Lagabreytingar fyrir Alþingi.

Njörður Sigurðsson, aðstoðarþjóðskjalavörður, gerði grein breytingum á lögum um opinber skjalasöfn sem auglýstar voru í Samráðsgátt stjórnvalda og stefnt er að fari fyrir Alþingi í næstu viku. Tillögur að breytingum á lögunum voru unnar í menningar- og viðskiptaráðuneytinu í samráði við Þjóðskjalasafn og Samband íslenskra sveitarfélaga en ástæður þeirra eru ákvarðanir Reykjavíkurborgar og Kópavogs að leggja niður héraðsskjalasöfn. Helstu breytingar eru að gera skýrari þau ákvæði laganna sem varða gjaldskrá og gjaldtöku opinberra skjalasafna, þ.m.t. gjöld Þjóðskjalasafns af sveitarfélögum sem eru afhendingarskyld og þegar héraðsskjalasafn hættir starfsemi og gjöld opinberra skjalasafna af því að veita aukinn aðgang að safnkosti. Tillaga er um bráðabirgðaákvæði um heimild til tilfærslu starfsfólks héraðsskjalasafna sem hafa verið lögð niður til Þjóðskjalasafns Íslands. Þá er gerð tillaga að breytingum á lögunum að meginreglan verði að skjölum afhendingarskyldra aðila verði skilað á rafraenu formi sem þau verða til á. Drög að breytingum voru birt í Samráðsgátt stjórnvalda 23. febrúar til 7. mars 2024 og bárust tíu umsagnir. Unnið var úr athugasemdum í menningar- og viðskiptaráðuneytinu og stefnt að því að frumvarp um breytingu á lögum um opinber skjalasöfn verði lagt fyrir Alþingi fyrir pásku.

Til máls tóku Njörður Sigurðsson, Ragna Kemp Haraldsdóttir, Erla Hulda Halldórsdóttir, Hrefna Róbertsdóttir, Jóna Símonía Bjarnadóttir og Anna Agnarsdóttir.



7. Tilfærsla verkefna og safnkosts Borgarskjalasafns og Héraðsskjalasafns Kópavogs – staða verkefna.

Njörður Sigurðsson, aðstoðarþjóðskjalavörður, gerði grein fyrir tilfærslu verkefna og safnkosts Borgarskjalasafns Reykjavíkur og Héraðsskjalasafns Kópavogs til Þjóðskjalasafns. Aðgerðaráætlun fyrir Borgarskjalasafn Reykjavíkur hefur verið hrint í framkvæmd og færðust tiltekin verkefni yfir til Þjóðskjalasafns 1. janúar síðastliðinn. Gert er ráð fyrir að safnkostur færist í síðasta lagi yfir til Þjóðskjalasafns 1. nóvember 2025. Gott samráð hefur verið við Reykjavíkurborg og Borgarskjalasafn um verkefnið, m.a. með fundum og fræðslu til starfsfólks í skjalavörsu og skjalastjórn hjá Reykjavíkurborg og fyrir starfsfólk borgarinnar. Aðgerðaráætlun fyrir Héraðsskjalasafn Kópavogs gerir ráð fyrir að tiltekin verkefni færist yfir til Þjóðskjalasafns 1. apríl næstkomandi og safnkostur færist yfir í síðasta lagi 1. febrúar 2026. Samráð hefur verið við Kópavogsbæ um aðgerðaráætlun og fræðsla hefur þegar farið fram til starfsfólks á bæjarskrifstofum sem vinna við skjalavörsu og skjalastjórn. Ráðgert er að í næstu viku verði fræðsla fyrir starfsfólk Kópavogsbæjar um verkefnið.

Til máls tóku Njörður Sigurðsson og Ragna Kemp Haraldsdóttir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:07.